

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd – 27.01.2014

35. fundur

27. janúar 2014, kl 10:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir, form.

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl Emil Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.*
2. *Stöng. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis*
3. *Helgavogur, lóð nr. 1. Kynning á byggingaráformum*
4. *Þjóðlenda í Ódáðahrauni. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).*
5. *Garður II. Deiliskipulag*
6. *Hringvegur um Jökulsá á Fjöllum. Deiliskipulag*
7. *Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskiplag.*
8. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi.*
9. *Vogafjós, Vogum 1, viðbygging. Niðurstaða úrskurðanefndar umhverfis og auðlindamála*

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

S20120203

Tekið fyrir að nýju erindi frá 2. desember 2013 þar sem lögð var fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf dags. 27. nóvember 2013. Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar varða þéttbýlisuppdrátt Reykjahlíðar. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við tillögur að deiliskipulagi Reykjahlíðar og tillögu að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni og kalla á umræddar breytingar.

Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi var auglýst og kynnt íbúum sveitarfélagsins og umsagnaraðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 18. desember til og með 8. janúar 2014.

Athugasemdir og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Kristínu Þuríði Sverrisdóttur, Jóni Illugasyni, Birki Fanndal, Sigfúsi Illugasyni og Minjastofnun Íslands.

Hér á eftir fer samantekt og útdráttur úr athugasemdum fyrrnefndra aðila.

Umhverfisstofnun:

Í bréfi dags. 6. janúar 2014 leggst Umhverfisstofnun gegn eftirfarandi hugmyndum:

- Að mati Umhverfisstofnunar eru áætlanir um smáhýsaþyrpingu á Eldá sem hafa munu neikvæð sjónræn áhrif á Reykjahlíðarkirkju og umhverfi ekki í samræmi við ofangreind stefnumið (*Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023*).
- Smáhýsi í 40 metra fjarlægð frá strönd Mývatns samræmast ekki markmiðum um að sporna við frekari nýbyggingum vatnsmegin vegar umhverfis Mývatn, sem í þessu tilviki er einnig innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Skipulagsstofnun:

Í bréfi dags 30. desember 2014.

- Skipulagsstofnun bendir á að í skipulags- og umhverfismatsvinnunni þurfi að gera grein fyrir forsendum nýrra íbúðarsvæða svo sem með hliðsjón af íbúðarþróun og byggðarþróun.

Kristín Þuríður Sverrisdóttir, Víðihlíð, Mývatnssveit:

Tölvupóstur dags 8. janúar 2014.

- Hún kannast ekki við að landeigendur í Reynihlíð og Víðihlíð HAFI LÁTID vinna tillögu að deiliskipulagi, eins og fram kemur í greinargerð og ekki hafi verið haft samráð við alla landeigendur við skipulagsgerðina.
- Hún telur að það væri nær að dreifa álaginu og hanna frekar íbúðabyggð og aukna þjónustu sunnan við vatn, kringum hótelin þar í staðinn fyrir að þetta byggð í Reykjahlíð og mótmælir og leggst gegn eftirfarandi breytingartillögum:
- „að þéttbýlismörk verði til vesturs að aðkomuvegi flugvallar“ inn og yfir Eldhraunið frá 1729,

- Byggingum á reitum 122-s/v (á sennilega að vera 122-Íb) 122-b (ekki vitað hvað átt er við) MEST til verndar hinum mikla HVÍTHELLI sem þarna er.
- Byggingum á eigin landi á reit 103-Hv. og röskun á hrauninu.
- Áformum um byggingar á reit 124-V (á sennilega að vera 124-M) í óskiptu landi Reykjahlíðar og á nýju svæði 125-V fyrir ferðapjónustu.

Jón Illugason, Helluhrauni 15, Mývatnssveit.

Tölvupóstur dags. 8. janúar 2014.

- Mótmælir færslu þéttbýlismarkna til vesturs að Flugvallarvegi og telur enga ástæðu til slíkrar breytingar.
- Hann telur að landeigendur að hluta lögbýla í Reykjahlíð hafa látið vinna tillögu að deiliskipulagi á þessu svæði án þess að haft væri samráð við alla landeigendur Reykjahlíðar. Þetta svæði sé í óskiptri sameign og framkvæmdir þar því háðar samþykki allra viðkomandi landeigenda. Hann telur ekki líkur á að samstaða um þetta sé fyrir hendi meðal landeigenda. a.m.k. þurfi að kanna slíkan vilja áður en lengra er haldið með þetta mál.
Kirkjuhóll og Eldhraun norðan og vestan Kirkjuhóls eru að hans mati helsta og langsamlega merkasta kennileiti í Reykjahlíð; Kirkjuhóllinn nánast helgur reitur í sögulegu samhengi og sá staður sem oftast kemur við sögu þessa fornfræga höfuðbóls. Þess vegna telur hann að öllum viðkomandi aðilum beri skylda til að virða helgi og sérstöðu þessa svæðis og búa þannig um hnúta, að því sé sérstakur sómi sýndur, en það ekki kaffært í byggingum og/eða eyðilagð með vegum og uppfyllingum. Fullvíst er, að á eða við Kirkjuhól stóð upprunalegi bærin í Reykjahlíð og skammt frá bænum var reist kirkja að talið er fljótlega eftir kristnitökuna árið 1000 og kirkjugrunnurinn stendur þarna ennþá. Bærin fór undir hraun 1729, en enn þann dag í dag má sjá móta fyrir honum í hrauninu og telur hann að stefna beri að því að hefja þarna fornleifarannsóknir og gera bæjarrústirnar aðgengilegar til menningarauka fyrir staðinn og sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn.
- Upplýsingar um staðsetningu Sauðahellis og Hellistraðar eru til staðar í fórum landeigenda Reykjahlíðar. Norður- og austurmörk Sauðahellis eru þekkt, en suður- og vesturmörk hellisins eru ekki fullkönnuð, þ.e. á svæðinu vestan Þjóðveg/Hraunveg.
- Hann vill vekja athygli á, að á landsvæðinu milli Samkaupa STRAX og Helluhrauns er enginn hellir, hvorki Sauðahellir né nokkur annar slíkur, né heldur Helliströð. Á því svæði væri því hægt að byggja án þess að stefna nokkrum helli, né fornminjum í hættu.
- Að hans mati sé fullvíst að unnið yrði tjón á Sauðahelli ef byggt yrði á lóðum nr. 2 og 4 við Hraunveg,

Birkir Fanndal, Sólgörðum, Mývatnssveit.

Tölvupóstur dags 5. janúar 2014.

- Hann lýsir furðu sinni yfir því að enn skuli ekki liggja fyrir á skipulagsuppdrættinum mæling á Sauðahelli og hið sama megi raunar segja um Hvíthellinn. Mikilvægt sé að gera sér grein fyrir staðsetningu á hellunum m.a. vegna þess að stækkun verslunarhúsnæðis STRAX hlýtur að vera mikilvæg og fyrirsjáanleg framkvæmd mjög bráðlega og sú stækkun er augljóslega æskilegri sem viðauki á sama stað frekar en á öðru svæði allfjarri. Þá telur hann fremur fráleitt að hugsa sér bílastæði að húsabaki á mjög mjórri og þröngri lóð suður við gatnamót Austurlandsvegur.

- Það er ljóst að umferð gangandi fólks nú er eftir Austurlandsvegi í átt til Bjarnarflags og Jarðbaða, þessi umferð er mjög veruleg og skapar mikla slysa-hættu við óbreytt ástand.

Hann leggur því til hér og nú að undir þetta hlutverk verði gamli Austurlandsvegurinn tekinn (nú Hlíðavegur) frá Múlavegi norðan Varmholts og upp hjá Fjárborgarklettum hann kemur að Austurlandsveginum við Kísiliðjuafleggjara þar er hægt að halda áfram á hálfkláruðum gangstíg sem byrjað var á sunnanundir varnargarði Kísiliðu - Ef þessi leið er farin þarf ekki að krossa umferð þjóðvegur fyrr en tekin er stefna suður í Jarðböð á gatnamótum.

Öll þessi leið liggur fjarri umferð en er í fallegu landslagi og lítið mál að gera hana ferðamannavæna.

- Hann telur vafalaust að með skjólbelti (birki 50-100m breiðu) frá Stóra Krossmúla suður að Austurlandsvegi mætti gjörbreyta ástandinu og hemja mikið af þeim skafrenningi sem nú angrar þorpsbúa. Skjólbeltið kæmi þá austan við skóla og IMS en vestan Varmholts.
- Varðandi byggingarreiti norðan Hlíðavegar telur hann það mikið óráð, gróin hlíðin frá húsi sveitarstjóra upp að íþróttavelli er hluti af þorpsmyndinni og er nú að sækja sig sem vísir að skruðgarði og skjólbelti. Að hans mati ætti alls ekki að byggja eitt eða neitt heldur leyfa hlíðinni að vera.
- Hann vill áréttta þá skoðun sem hann hefur áður látið í ljósi að kirkjuhóllinn í Reykjahlíð er einstakur og sögulega mikilvægur staður. Kirkjuhóllinn ætti að hans mati allra helst að vera friðaður umfram þarfir kirkjunnar og kirkjugarðsins. Honum finnst mjög óálitlegt ef að honum verður meir þrengt en þegar er orðið.
- Hann virðir þörf sveitaryfirvalda til að fullnusta skipulagslög með endurnýjuðum skipulögum en í báðum framangreindum tillögum finnst honum farið offari með byggingamagn á vafasömum stöðum og hefur reynt hér að benda á nokkur þau atriði. Samt hefur hann að mestu látið afskiptalausar tillögur í Gömlu Reykjahlíð þó honum sýnist þær vera hálfu verri heldur en þó þorpstíllögurnar, en gamla Rhl. er jú í einkaeign og því lokar hann augunum og biður Guð og sveitarstjórnina að vernda okkur öll.
- Það ætti að vera (ykkur) umhugsunarefni hvað fáir virðast láta sig þessi mál einhverju varða. Á tveim fundum sem sveitarstjórn boðaði til á sl. ári til kynningar voru nær engir mættir aðrir en þeir sem töldu sér það víst skylt vegna nefndarstarfa. Hann telur að mikilvægt væri fyrir alla aðila ef hægt væri að koma á rabbfundum með íbúum áður en niðurnjörfað ferli með arkitekt er komið á fullt. Íbúar leggja hreinlega ekki út í að koma með skriflegar ath. semdir, telja það vonlausu baráttu. Það er slæmt að svo skuli vera.

Sigfús Illugason, Bjargi, Mývatnssveit.

Bréf dags. 8. janúar 2014.

- Hann gerir athugasemdir við að þéttbýlismörkum verði breytt þar sem umrætt svæði er í óskiptri sameign og breytingin þurfi samþykki allra landeigenda.
- Mótmælir því harðlega að hreyfa við eða raska svæði nálægt kirkjunni sem er á Eldhrauni. Reykjahlíð er landnámsjörð og þarna hefur staðið kirkja frá því um árið 1000. Hann telur þetta algjört virðingarleysi við þá framliðnu, sem hvíla í kirkjugarðinum, og huldufólk, dverga og álfa sem búið hafa í hrauninu og hraunkömbum.
- Hann leggst eindregið gegn því að byggt verði á landnotkunarreit 122-S/V og telur að fram að þessu hafi verið skilningur á því að hlífa þessu svæði þar til annað sé fullbyggt og þar að auki sé þarna Hvíthellir sem sé stærrí en Sauðahellir og spyr „hvort eigi að rústa honum eins og sumu öðru?“ Hann leggur til að Hvíthellirinn verði mældur upp í eitt skipti fyrir öll svo ekki þurfi að breyta skipulagi einu sinni enn.
- Hann bendir á að hverfisverndarsvæðið við kirkjuna heiti Eldhraun en hraunelfur frá Hlíðarfjalli og niður utan við Mela heiti Eldá og óskar eftir því að þetta verði leiðrétt.
- Þá spyr hann að því hvernig uppbygging á reitum 123 og 124 miðað við lágmarks jarðrask og vernd hraunsins geti farið saman.
- Hann mótmælir harðlega skipulagi fyrir miðbæjarlóðir, byggingar og bílastæði, svæðið sé of lítið byggingar muni byrgja sýn og valda slyshættu og sauðahellinum yrði raskað.

Minjastofnun Íslands.

Tölvupóstur frá Sigurði Bergsteinssyni dags. 24. janúar 2014.

- Þó frestur til athugasemda sé úrunninn, vill hann vekja athygli á að fullnægjandi fornleifaskrá hefur ekki verið gerð á skipulagssvæðinu, eins og lög gera ráð fyrir. Athygli var vakin á þessu í umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagsgerð þessa svæðis.

Vegna þeirra athugasemda og umsagna sem borist hafa samþykkir skipulags- og umhverfisnefnd að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi tillögum að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi:

- Reitur 123-M (þrjú íbúðarhús) í tillögu að breytingu á aðalskipulagi (E1 í tillögu að deiliskipulagi) verður felldur brott í ljósi þess að nú hafa verið skipulagðar nýjar íbúðahúsalóðir innan þéttbýlisins samkvæmt nýju deiliskipulagi sem hefur verið kynnt og vill nefndin beina nýframkvæmdum íbúða inn á það svæði.*
- *Reitur 125-V (4 smáhýsi) í tillögu að breytingu á aðalskipulagi (S2 í tillögu að deiliskipulagi) verður felldur brott vegna nálægðar við kirkjuhólinn/kirkjuna.*
- *Á reit S1 verði nýbygging ekki heimiluð, einungis verði heimilt að viðhalda og endurgera núverandi hús.*

- Á reit F1 verði nýbygging ekki heimiluð, einungis verði heimilt að viðhalda og endurgera núverandi hús.
- Á reit 126-V (reit S11 í deiliskipulagi) verði einungis heimiluð bygging smáhýsa til fuglaskoðunar án snyrtiaðstöðu og fráveitu. Skal leitast við að hýsin falli vel inn í land og náttúru.
- Deiliskipulag á reit 113-M verði endurskoðað með tilliti til legu Sauðahellis, en upplýsingar þar að lútandi eiga að vera til í fórum landeigenda skv. framkomnum athugasemdum. Ef þær upplýsingar reynast ekki nægjanlegar mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að hellirinn verði mældur upp af kunnáttufólki og settur inn á kortagrunn en það er stefna nefndarinnar að vernda hellinn.
- Við hönnun deiliskipulagsins var hugað að legu Hvíthellis með tilliti til fyrirhugaðrar uppbyggingar norðan Hlíðavegar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að hellirinn verði mældur upp af kunnáttufólki og settur inn á kortagrunn en það er stefna nefndarinnar að vernda hellinn.

2. Stöng 1, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

S20120801

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Stangar 1, sem skilgreint er sem **359-V** á Aðalskipulagi Skútstaðahrepps 2011-2023. Erindið var áður á dagskrá á 28 fundi nefndarinnar 27. maí s.l. Innkomin ný gögn, deiliskipulagsuppráttur með greinargerð dags. 30. október 2013. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 11. Nóvember 2013 skv. tillögu skipulags- og umhverfisnefndar að auglýsa deiliskipulagstillöguna. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 6. desember til og með 17. janúar 2014. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum en umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna skv. ákvæðum 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem engar athugasemdir bárust við hinni auglýstu tillögu. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagstillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. fyrrnefndra laga mælir fyrir um.

3. Helgavogur, lóð nr. 1. Kynning á byggingaráformum.

S20130701

Tekið fyrir að nýju erindi dags 3. júlí 2013 frá Sigurði Jónasi Þorbergssyni, kt. 170849-3969, Baughúsum 12, 112 Reykjavík þar sem hann óskar eftir að kynna fyrir sveitarstjórn byggingaráform vegna fyrirhugaðs íbúðarhúss á lóð nr. 1 í Helgavogi. Húsið verður Reykjahlíð II og kemur í stað Hótel Reykjahlíðar, sem var bæði hótél og íbúð eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar II. Þar sem um framkvæmdir nálægt vatninu gilda sér ákvæði þykir rétt að kynna fyrirhugaða byggingu fyrir sveitarstjórn og óska eftir afstöðu hennar til húsagerðarinnar. Húsið er danskt timburhús, 112 m². Framleiðandinn EBK hefur afhent yfir

50 hús á Íslandi síðustu 10 ár. Húsið er úr vistvænum efnum og er valið m.a. með það í huga að falla vel inn í landslagið eftir því sem það er mögulegt.

Fylgigögn: 1. þrjár teikningar og ljósmynd frá framleiðanda EBK, 2. Afasal fyrir lóð, 3. teikning þar sem staðsetning lóðar kemur fram, 4. afrit fundargerðar sveitarstjórnar frá 6. mars 2007 þar sem staðfesting umhverfisráðherra kemur fram, 5. úrskurðarorð umhverfisráðherra frá 13. mars 2006 (bl. 1 og 7).

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísaði erindinu til umsagnar Umhverfisstofnunar 12. nóvember s.l. og barst eftirfarandi svar frá stofnuninni 17. desember. „Þar sem gert er ráð fyrir ofangreindri lóð í gildandi aðalskipulagi og hún var upphaflega staðfest með úrskurði umhverfisráðuneytisins gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.“

*Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar því fyrr bókun frá 15. ágúst 2013 og tekur jákvætt í byggingaráformin þar sem gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum við Hrútavogstanga (Helgavog) svæði **331-Íb.** í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og annað húsið er þegar byggt. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að leita meðmæla frá Skipulagsstofnun vegna umræddrar framkvæmdar, þegar nánari gögn frá umsækjanda liggja fyrir, eins og 1. töluliður ákvæða til bráðbirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 mælir fyrir um, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir.*

4. Þjóðlenda í Ódáðahrauni. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).

S20140101

Erindi dags 16. desember 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Þjóðlenda í Ódáðahrauni.

Land innan eftirfarandi marka þ.e. sá hluti Ódáðahrauns sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfussvæðis eigenda Reykjahlíðar auk Ódáðahrauns vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfussvæðis Skútustaðahrepps er Þjóðlenda:

Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). [1]. Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið norðvestur að upptökum Suðurár (D). Þaðan er farið beint í austur þar til Bláfjallshalar eru í norðri (E), en úr þeim punkti er farið í norður í suðurenda Bláfjallshala (F). Þá er farið austnorðaustur í Bræðraklif í Hafragjá (G). Þaðan er farið í Veggjafell við austurjaðar Herðubreiðarfjalla (H), og þaðan til suðausturs í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármötum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármötum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum að meginupptökum sínum í Dyngjujökli (K). Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er...[2]

Breytingar/viðbætur vegna skiptingar þjóðlendu milli sveitarfélaga, eftir sveitarfélagamörkum:

[1] Þar sem sú lína sker sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, er upphafspunktur. Línunni er fylgt í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B).

[2] að sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Þeim fylgt norður í upphafspunkt.

Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 dags 6. júní 2008, dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 65/2012, dags 20. september 2012 og landspildublað.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun Þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

5. Garður II. Deiliskipulag

S20120301

Erindi dags 23. desember 2013 frá Kára Þorgrímssyni Garði II í Mývatnssveit þar sem hann óskar eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag á jörð sinni Garði II á svæði sem skilgreint er sem **373 A** í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af því svæði sem hann sækir um. Nefndin bendir þó á að skv. gr. 2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skulu þeir sem falin er gerð skipulagsáætlana uppfylla eftirfarandi hæfiskröfur.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 2.5

„Menntun og reynsla skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Eftirtaldir aðilar geta orðið skipulagsfulltrúar hafi þeir uppfyllt annað eftirfarandi hæfiskilyrða:

1. vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild hlutaðeigandi ráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996

2. vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár. Miðað er við að sérhæfing á sviði skipulagsmála sé fengin á seinni hluta náms, með lokaverkefni, í framhaldsnámi eða með vinnu við svæðis-, aðal-, eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.....

Réttindi til skipulagsgerðar hafa þeir sömu og hafa rétt til að sinna starfi skipulagsfulltrúa.“

Pá vill nefndin einnig ítreka eftirfarandi á kvæði í gr.5.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

Lýsing deiliskipulagsverkefnis.

„Þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þegar landeigandi eða framkvæmdaaðili gerir tillögu að deiliskipulagi, skal hann vinna lýsingu og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar áður en hún fer í kynningu. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.“

Telji landeigandi eða framkvæmdaaðila að allar meginforsendur deiliskipulagsins liggi fyrir í aðalskipulagi og óski af þeim sökum eftir að fallið verði frá gerð lýsingar skal hann færa rök fyrir því í lýsingu/verkáætlun þegar vinna við deiliskipulag hefst.

6. Hringvegur um Jökulsá á Fjöllum. Deiliskipulag

S20140102

Erindi dags. 3. janúar 2013 frá Helgu Aðalgeirsdóttur f.h. hönnunardeildar Vegagerðarinnar þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags vegna vinnubúða og athafnasvæðis framkvæmdaaðila við hringveg (1) um Jökulsá á Fjöllum. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við byggingu nýrrar brúar á Hringvegi við Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og vegalagning beggja vegna hennar. Tvær námur, sín hvorum megin Jökulsár á Fjöllum, munu falla innan skipulagssvæðisins. Framkvæmdin er í Skútustaðahreppi og í Norðurþingi.

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af því svæði sem hann sækir um Nefndin bendir þó á að skv. gr. 2.5 í skipulagsreglugerð nr.90/2013 skulu þeir sem falin er gerð skipulagsáætlana uppfylla eftirfarandi hæfiskröfur:

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 2.5

„Menntun og reynsla skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Eftirtaldir aðilar geta orðið skipulagsfulltrúar hafi þeir uppfyllt annað eftirfarandi hæfiskilyrða:

1. vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild hlutaðeigandi ráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996

2. vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er áttvið að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár. Miðað er við að sérhæfing á sviði skipulagsmála sé fengin á seinni hluta náms, með lokaverkefni, í framhaldsnámi eða með vinnu við svæðis-, aðal-, eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.....

Réttindi til skipulagsgerðar hafa þeir sömu og hafa rétt til að sinna starfi skipulagsfulltrúa.“

Þá vill nefndin einnig ítreka eftirfarandi á kvæði í gr.5.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

Lýsing deiliskipulagsverkefnis.

*„Þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. **Þegar landeigandi eða framkvæmdaaðili gerir tillögu að deiliskipulagi, skal hann vinna lýsingu og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar áður en hún fer í kynningu.** Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.“*

Telji landeigandi eða framkvæmdaaðila að allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og óski af þeim sökum eftir að fallið verði frá gerð lýsingar skal hann færa rök fyrir því í lýsingu/verkáætlun þegar vinna við deiliskipulag hefst.

7. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskiplag.

S20130501

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf f.h. landeigenda. Erindið var áður á dagskrá skipulags- og umhverfisnefndar á 32. fundi hennar 7. október s.l. Innkomin ný gögn 30. október, tillaga að deiliskipulagi, uppdrættir í mkv. 1:2000 og 1:3000 ásamt greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að heppilegra hefði verið að færa þjónustumiðstöð fjær hverasvæðinu m.a. vegna hættu á að brennisteins- og hveragufur gætu valið tjóni á mannvirkjum og heilsu starfsfólks.

Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Vakin er athygli á því að að samhliða deiliskipulagi verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er varða nýtt ákvæði um verslunar og þjónustusvæði við Hveri.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún taki tillöguna til afreiðslu og að umfjöllun lokinni verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

8. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi.

S20120203

Tekið fyrir að nýju erindi frá 11. nóvember 2013 þar sem skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er lýtur að leiðréttingum á texta og augljósum villum. Breytingin er gerð til þess að koma í veg fyrir að orðalag skipulagsákvæða komi í veg fyrir eðlilega þróun byggðar og valdi óeðlilegum töfum við afgreiðslu einfaldra og sjálfsagðra mála. Breytingin hefur að því leyti jákvæð áhrif á samfélagið en engin á náttúruvar, þ.e. landslag, gróður og dýralíf. Jafnframt verði gerðar óverulegar leiðréttingar á texta.

Tillagan var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögnum.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún taki tillöguna til afreiðslu og að umfjöllun lokinni verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

9. Vogafjós, Vogum 1, viðbygging. Niðurstaða úrskurðanefndar umhverfis og auðlindamála

S20121005

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 8. október 2012 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f. h. Vogafjóss ehf. þar sem hún sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós, 8 m til vesturs skv. meðfylgjandi teikningum dags 9. október 2012 frá verkfræðistofunni Mannviti á Húsavík. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 15. október að grenndarkynna erindið og var það grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 30. október til og með 27. nóvember 2012. Athugasemdir við grenndarkynningunni bárust frá eftirtöldum aðilum: Hjördísi Sigríði Albertsdóttur, Jóhanni F. Kristjánssyni og Þórhalli Kristjánssyni.

Niðurstaða skipulags og umhverfisnefndar á 23. fundi sínum 17. desember 2012 var eftirfarandi:

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallist verði á fyrirhugaðar framkvæmdir enda séu þær fyrst og fremst ætlaðar til að uppfylla starfsleyfisskyld skilyrði sem gerð eru til reksturs veitingahúsa.

Þar að auki voru sett nokkur skilyrði af hálfu nefndarinnar fyrir leyfisveitingunni eins og fram kemur í bókun hennar frá 17. desember 2012.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar 10. janúar 2013 en sú ákvörðun var kærð af Hjördísi Albertsdóttur og Þórhalli Kristjánssyni til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og farið fram á ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um að heimila viðbyggingu við Vogafjós á jörðinni Vogum 1 í Mývatnssveit.

Úrskurðanefnd umhverfis og auðlindamála hafnaði kröfu um ógildingu með úrskurði dags. 30. desember 2013.

Fundi slitið.